

7. Frumvarp

til laga um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

(Lagt fyrir Alþingi 1917).

1. gr.

Hreppum landsins er skift, eftir fólksfjölda, í 4 flokka þannig:

1. flokkur: Þeir hreppar, er íbúar þeirra eru yfir 750.
2. ——— Íbúar 500 til 750.
3. ——— — 250 — 500.
4. ——— — alt að 250.

2. gr.

Hreppstjórar hafa í árslaun:

Í 1. flokki:	120	krónur.
- 2.	—	100 —
- 3.	—	80 —
- 4.	—	60 —

3. gr.

Launin greiðast úr landssjóði, og skal sýslumaður greiða þau á manntalsþingi eftir á fyrir hvert umliðið fardagaár. Leggi hreppstjóri niður sýslan sína eða deyi hann fyrir lok fardagaársins, fær hann eða dánarbú hans $\frac{1}{12}$ hluta af árslaununum fyrir hvern fullan mánuð, sem hann hefir í embætti verið.

4. gr.

Kostnaður við ferðir hreppstjóra, vegna starfa þeirra, er um getur í lögum þessum, telst þannig:

Purfi hreppstjóri að ferðast frá heimili sínu, fulla 10 kílómetra á landi eða 5 kílómetra á sjó eða meira, skal greiða honum eina krónu fyrir hverja 10 kílómetra á landi eða 5 kílómetra á sjó. Þóknun þessi greiðist fyrir hverja farna 10 kílómetra á landi eða 5 kílómetra á sjó, bæði fram og aftur, en má þó ekki fara fram úr 6 krónum fyrir hvern sólarhring. Sje hreppstjóri burtu frá heimili sínu meira en sólarhring, fær hann 25 auru fyrir hverja klukkustund í ferðakostnað.

5. gr.

Fyrir fjárnám eða lögtak ber hreppstjóra, auk ferðakostnaðar, 1 króna fyrir hvern þann, er fjárnám eða lögtak fer fram hjá.

6. gr.

Nú framkvæmir hreppstjóri í umboði sýslumanns og á hans ábyrgð

aðrar fógetagjörðir, og ber þá hreppstjóra, auk ferðakostnaðar, lögmælt gjald fyrir gjörðina, ef gjald þetta fer ekki fram úr 5 krónum. Sje gjaldið fyrir gjörðina meira, fellur það, sem umfram er, til landssjóðs.

7. gr.

Haldi hreppstjóri í umboði sýslumanns uppboð, falla uppboðslaunin tilj hans óskift, sjeu þau ekki hærrí en 25 krónur, en fari þau fram úr því, rennur það, sem umfram er, í landssjóð.

8. gr.

Pegar hreppstjóri, fyrir hönd sýslumanns, stendur fyrir uppskriftar- og virðingargjörðum til leiðbeiningar við skifti eða uppboð, fær hann fyrir þetta verk sitt, auk ferðakostnaðar, eftir fjárhæð gjörðarinnar:

Alt að 200 kr.	2 krónur.
yfir 200 — alt að 500 kr.	3 —
— 500 — — — 1000 —	4 —
— 1000 — — — 2000 —	5 —
— 2000 —	6 —

9. gr.

Fyrir birting á fyrirkalli, stefnu, dómi, uppsögn, málskröfu eða þesskonar birtingar, skal greiða 2 krónur fyrir hvern þann, er birt er, og gjaldinu skift jafnt milli stefnuvottanna. Í málum, sem ekki nema 50 krónum, skal aðeins greiða helming þessa gjalds. Auk þess skal stefnuvottum greiddur ferðakostnaður eftir reglunum í 4. gr.

10. gr.

Fyrir úttekt á jörðu greiðist hverjum úttektarmanni 3 krónur, auk ferðakostnaðar eftir reglunum í 4. gr. Fyrir skoðunar- eða matsgjörð á fasteign, hvort heldur gjörðin miðar til þess að útvega upplýsingar um verð fasteignarinnar, til skipauðhlutunar, til afnota í dómsmálum, eða til hvers annars sem er, skal greiða hverjum skoðunar- eða virðingarmanni eftir fjárhæð matsgjörðarinnar:

Alt að 500 kr.	2 krónur.
yfir 500 — alt að 1000	3 —
— 1000 — — — 2000	4 —
— 2000 — — — 4000	5 —
— 4000 —	6 —

Sama gjald greiðist fyrir lausafjárvirðingar.

Fyrir eiðvinningu að gjörðum þeim, er um getur í þessari grein, er ekkert gjald greitt.

Ferðakostnaður skal endurgoldinn matsmönnum eftir reglunum í 4 gr., einnig fyrir ferð til eiðvinningar.

11. gr.

Gjald til votta við rjettarhöld eða notarialgjörðir er 50 aurar til hvers votts fyrir hverja klukkustund, er rjettarhaldið stendur yfir. Hluti úr klukkustund telst heil klukkustund. Í einkamálum greiðist gjald þetta ásamt gjaldinu fyrir fyrirtekt málsins. Fyrir hvert rjettarhald seinna í málinu skal sá greiða gjaldið, er málinu fær frestað.

12. gr.

Gjöld þau, er um getur í lögum þessum, greiðist einnig í opinberum málum og gjafsóknarmálum.

Í einkamálum er gjörðarbeiðandinn skyldur til að greiða gjaldið, áður en gjörðin fer fram. Verði gjaldið eigi greitt fyrirfram, hefir viðkomandi lög-taksrjett á gjaldinu.

Í opinberum málum og gjafsóknarmálum greiðast gjöld þessi fyrirfram úr landssjóði, gegn endurgjaldi frá þeim, sem dæmdur verður í málskostnað með endilegum dómi.

13. gr.

Lög 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk, og lög um breyting á 1., 5., 6. og 8. gr. þeirra laga, frá 13. desbr. 1895, eru úr gildi numin.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 6. desember 1917.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Millipinganefnd sú í eftirlauna- og launamálinu, sem skipuð var með konungsúrskurði 9. desember 1914, hefir meðal annars samið og sent landsstjórninni frumvarp það, sem prentað er hjer að framan, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

Alt fram að árinu 1882 voru hreppstjórum engin laun greidd af almannafje fyrir starf þeirra, en að visu voru þeir fyrir 1877 lausir við að greiða manntalsbókargjöld. Með lögunum frá 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk, var hreppstjórum ákveðin árleg þóknun úr landssjóði, 1 kr. fyrir hvern innanhrepps ábúanda á 5 hundruðum í jörð eða meiru. Eftir þessu ákvæði urðu hreppstjóraunin bæði afarmisjöfn og í sumum hreppum sama sem engin, 10 kr. eða minna. Úr þessu bættu nokkuð lög nr. 33, frá 13. desember 1895, er ákveða launin 50 auro fyrir hvern búanda á 5 jarðarhundruðum og 50 auro fyrir hvern framteljanda, (er tiundar $\frac{1}{2}$ hundrað eða meira, að því viðbættu að þóknun til hreppstjóra aldrei má vera undir 24 kr. — Skattamálanefndin frá 1907 lagði það til, að hreppstjórum skyldi veita árleg laun, er nemi 1 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsúa, þó ekki undir 30 kr. Tillögur þessar urðu ekki lög. Eftirlauna- og launamálanefndin telur þessar tillögur skattamálanefndarinnar ganga of skamt, og hefir

Því komið fram með þær tillögur hjerum, sem fólgna eru í frumvarpi þessu. Við það hækka laun hreppstjóra til uppjafnaðar nálega um helming, eða 80—90%. Þá hefir og eftirlauna- og launalaganefndin lagt til að hækkuð væri borgun fyrir aukaverk. Ráðuneytið hefir fallist á tillögur nefndarinnar í þessu efni, og því tekið frumvarpið upp. Um frumvarpið í heild sinni er að öðru leyti vísað í Skýrslur og tillögur nefndarinnar, bls. 243—258.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram.

Við 1. til 2. gr.

Um þessar greinar vísast til þess, sem að framan er sagt.

Við 3. gr.

Ákvæðin í þessari grein svara til ákvæðanna í 2. og 3. gr. laganna frá 1895, og eru óbreytt til, nema að ekki er gert ráð fyrir að hreppstjórar sjeu fleiri en einn í hreppi. Það munu nú ekki vera tveir hreppstjórar í neinum hreppi nema í Vestmannaeyjum, og þykir ekki ástæða til að setja sjerstök ákvæði þess vegna.

Við 4. gr.

Borgun fyrir ferðir hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk, er nú 50 a. fyrir hverja milu á landi eða hverja $\frac{1}{2}$ milu á sjó, reiknað fyrir ferðina bæði fram og aftur, þó ekki yfir 2 kr., og auk þess 3 kr. í dagpeninga, ef viðkomandi þarf að vera burt frá heimili sínu meira en 10 stundir vegna fjarlægðar þess staðar, þar er gjörðin á að fara fram. Eftir þessu frumvarpi á borgunin að vera 1 kr. fyrir hverja farna 10 kílómetra á landi eða fyrir hverja 5 kílómetra á sjó, en má ekki fara fram úr 6 kr. um sólarhringinn. Með þessu er hækkuð nokkuð borgun fyrir ferðir. Ef fara þarf fram t. a. m. 15 kílómetra, þá er borgunin eftir frumvarpinu 3 kr. eða fyrir 30 kílómetraferð, en eftir lögnum er borgunin fyrir sömu leið 2 kr., og dagpeningar og ferðakostnaður aldrei meiri samanlagt en 5 krónur fyrir sólarhring.

Við 5. gr.

Fyrir fjárnám og lögtök er gjaldið hjer hið sama, sem kveðið er á um í 4. gr. laganna frá 1895.

Við 6. gr.

Fyrir aðrar fógetagjörðir er hámark borgunarinnar hækkað upp í 5 kr. úr 4 kr., sbr. 5. gr. í lögnum frá 1882.

Við 7. gr.

Samkvæmt 5. gr. laganna frá 1895 fá hreppstjórar uppboðslaun alt að 8 kr., en það sem umfram er renni í landssjóð. Hjer er lagt til að hreppstjórar fái uppboðslaunin alt að 25 kr., og felt burtu ákvæðið í nefndri laga-

grein um að sýslumenn skuli sjálfir halda uppboð, sem ætla má að hlaupi meira en 200 kr.

Við 8. gr.

Þessi grein svarar til 7. gr. 1. málsgrein í lögnum frá 1882, og er gjaldið aðeins fært upp um 1 kr. fyrir hvern lið.

Við 9. gr.

Gjald til stefnuvotta fyrir birting er sett helmingi hærra en nú er, sbr. 2. gr. sömu laga, og er þetta í fullu samræmi við hækkun rjettargjalda til landssjóðs. Ekki hefir þótt ástæða til að hafa sjerstök ákvæði hjer um hjúamál.

Við 10. gr.

Fyrir úttekt greiðist nú 2 kr. til hvers úttektarmanns, nema gjörðin standi meira en 8 klukkustundir, þá er gjaldið 3 kr., sbr. 8. gr. laganna frá 1882. Hjer er lagt til að borgunin fyrir úttekt sje ákveðin 3 kr. til hvers úttektarmanns. Eftir sömu lagagrein er gjald fyrir skoðun og virðing á fasteign 2 kr. til hvers virðingarmanns, og auk þess 1 kr. fyrir að skrifa gjörðina. Hjer er gjaldið fyrir skoðun og virðingu hvort er á fasteign eða lausafje sett eftir fjárhæð 2—6 kr. til hvers virðingarmanns, en slept ritunargjaldinu. Fasteignarvirðingar eru nú, einkum fyrir bankana, orðnar allfyrirhafnarsamar og nákvæmar, og sist ástæða til að borga minna fyrir virðing á fasteign, en á lausafje. En gjaldið fyrir virðingu á lausafje er einnig hækkað frá því, sem þarum er ákveðið í 6. gr. laganna frá 1895, en það gjald er hjer hækkað úr 3—6 kr. alls uppi 2—6 kr. til hvers virðingarmanns.

Við 11. og 12. gr.

Hjer er sú breyting á gjörð, að rjettarvottar fá 50 aura borgun fyrir hverja klukkustund eða minna, þar sem þeir eigi fá nú, sbr. 9. gr. laganna frá 1882, meira en þetta, nema rjettarhaldið standi lengur en 8 stundir.

Við 13. gr.

Engin ástæða er til að athuga neitt um þessa grein.

Við 14. gr.

6. desember 1917 er settur hjer með tilliti til þess, að þá fá breppstjórar hækkuð laun fyrir síðara helming fardagaársins 1917—18.